

Heilbrigðisútgjöld á Íslandi 1998–2010

Health care expenditure in Iceland 1998–2010

Samantekt Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2010 námu 143,5 milljörðum króna eða 9,3% af landsframleiðslu og hafa þau lækkað frá árinu 2003 þegar þau námu 10,4% af landsframleiðslu. Hlutur hins opinbera var 115,6 milljarðar króna, 15,0% af útgjöldunum, en hlutur einkaaðila 27,9 milljarðar.

Af heilbrigðisútgjöldum 2010 runnu um 55% til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, um 25% til þjónustu við ferlisjúklinga, 18% til lækninga- og hjúkrunarværa fyrir ferlisjúklinga og um 2,8% runnu til stjórnunar og annarra heilbrigðisþátta.

Í ritinu eru kynntar meginniðurstöður um heilbrigðisútgjöld eftir SHA-flokkunarkerfinu (System of Health Accounts). Fram kemur m.a. að útgjöld til þjónustu í lækningaskyni eru um 53,5% heilbrigðisútgjalda 2009 eða 79,8 milljarðar króna. Þar af eru útgjöld vegna innlagðra í lækningaskyni 38,2 milljarðar króna og vegna ferlisjúklinga 32,5 milljarðar króna.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skipt í fjóra hópa þegar sýnd eru heildarlaun og stöðugildi á tímabilinu 2007–2010. Heildarlaun allra hópanna vaxa fram til ársins 2008 en þá standa þau ýmist í stað eða lækka. Fjöldi heilbrigðisstarfsfólks er svipaður á tímabilinu.

Nokkur almenn sjúkrahús voru sameinuð á 12 ára tímabilinu frá 1998–2009. Árið 1998 féllu 23 stofnanir undir almenna sjúkrahúsaþjónustu, þeim hafði fækkað í 19 árið 2004 og 17 árið 2009. Í upphafi tímabilsins voru tvö almenn sjúkrahús stærst en þau voru sameinuð í eitt á tímabilinu.

Á tímabilinu 2007–2010 hefur neysla meltingarfæralyfja og tauga- og geðlyfja aukist en dregið hefur úr notkun hjarta- og æðalyfja.

Heildarútgjöld í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) voru að meðaltali 9% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2008 en mikill munur er milli einstakra ríkja.

Inngangur

Í ritinu eru heilbrigðisútgjöld gerð upp samkvæmt SHA og COFOG stöðlum

Í þessu riti er yfirlit um heilbrigðisútgjöld hér á landi síðustu ár. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir útgjaldaþróun málaflokksins frá 1980. Í öðrum kafla er vikið að meginþjónustuflokkum heilbrigðisútgjalda á tímabilinu 1998 til 2010. Í þriðja kafla er farið yfir útgjöld hins opinbera á þessu sviði yfir sama tímabil og í þeim fjórða er gerð grein fyrir heilbrigðisútgjöldum einkaaðila. Í fimmta kafla er fjallað um launaþróun í heilbrigðiskerfinu og fjölda heilbrigðisstarfsmanna í sjötta. Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir breytingum og samruna sjúkrahúsanna á tímabilinu 1998–2009.



Fjallað er um notkun og söluverðmæti lyfja á sama tímabili í þeim áttunda. Erlendur samanburður á meginhagstærðum heilbrigðisútgjalda milli Íslands og OECD-ríkja er í níunda kafla. Í viðauka 1 eru meginheimildir um útgjöld til heilbrigðismála hér á landi birtar og í viðauka 2 helstu liðir um kaup hins opinbera á sérfræði- og tannlæknaþjónustu.


1. Breyting heilbrigðisútgjalda árin 1980–2010

Útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið á þrjátíu árum úr 6,4% af landsframleiðslu í 9,3%

Heildarútgjöld til heilbrigðismála hafa aukist úr ríflega 6,4% af landsframleiðslu í upphafi níunda áratugarins í um 9,3% af landsframleiðslu á síðasta ári. Það samsvarar 143,5 milljörðum króna á verðlagi þess árs (sjá töflu 7 í töfluviðauka, bls. 32–33). Eftir þessum mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árið 2003 eða 10,4% af landsframleiðslu. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var lítill á árunum 2002 og 2003 en jókst hinsvegar verulega á árunum 2004–2007 eða um ríflega 25%.

Mynd 1. Heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2010

Figure 1. Health expenditures as per cent of GDP 1980–2010




Hið opinbera greiðir 115,6 milljarða króna af heildarútgjöldum til heilbrigðismála og einkaaðilar 27,9 milljarða. Frá árinu 1980 hafa útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks aukist úr rúmlega 5,5% af landsframleiðslu í rúmlega 7,5%. Á sama tíma hafa útgjöld heimilanna rúmlega tvöfaldast en þau hafa farið úr 0,8% af landsframleiðslu í 1,8%. Hluttur heimila í heildarútgjöldum til heilbrigðismála hefur aukist, var 12,8% árið 1980 en 19,5% árið 2010. Hámarki náði þátttaka heimilanna árið 1998 er hún nam 19,6% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.

... og að magni til hafa þau næstum þrefaldast

Til þess að meta vöxt heilbrigðisútgjalda að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða heilbrigðisútgjöld hins opinbera með verðvísitölu samneyslu og útgjöld einkaaðila með verðvísitölu heilbrigðisútgjalda einkaneyslunnar. Í byrjun níunda áratugarins voru heilbrigðisútgjöld um 52 milljarðar króna á verðlagi 2010 en tæplega 144 milljarðar árið 2010. Heilbrigðisþjónustan hefur nær þrefaldast að magni (um 178% vöxtur) á tímabilinu. Heilbrigðisútgjöld á mann voru hinsvegar um 451 þúsund krónur árið 2010 en tæplega 227 þúsund krónur í upphafi níunda áratugarins á verðlagi 2010 og hafa því næstum tvöfaldast (99% vöxtur) á tímabilinu.

Mynd 2. Heilbrigðisútgjöld staðvirt á verðlagi 2010

Figure 2. Health expenditure at 2010 prices



2. Meginþjónustuflokkar heilbrigðisútgjalda

Um 55% heilbrigðisútgjalda renna til sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila

Heilbrigðisútgjöld má sundurliða eftir meginþjónustuflokkum í samræmi við COFOG-flokkun¹ fyrir opinber heilbrigðisútgjöld en COICOP-flokkun² við greiningu á heilbrigðisútgjöldum einkaaðila eins og gert er í töflu 1 og töflu 6 í töfluviðauka (bls. 30–31). Um 55% heilbrigðisútgjalda ársins 2010 renna til þjónustu sjúkrastofnana, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila og um 25% til þjónustu við ferlisjúklinga. Um 18% útgjaldanna eru vegna lækningavara og hjálpartækja fyrir ferlisjúklinga og það sem eftir stendur eða um 2,8%, renna til stjórnunar og annarra heilbrigðisþátta.

Tafla 1. Heilbrigðisútgjöld á mann á verðlagi 2010

Table 1. Total expenditure on health care, in 2010 prices

Þús. króna Thous. ISK	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Heilbrigðisútgjöld alls									
Total health expenditure	413,2	444,3	473,7	474,2	469,8	482,6	485,7	470,1	451,4
1. Lækningavörur og hjálpartæki									
1. Med. prod., applicances and equip.	65,6	72,8	74,3	78,0	73,9	75,1	82,5	84,1	81,2
2. Þjónusta við ferlisjúklinga									
2. Outpatient services	96,9	106,2	109,4	116,4	116,1	117,3	118,7	115,0	111,0
3. Þjónusta sjúkrastofnana									
3. Hospital services	240,0	253,1	275,1	267,0	267,9	276,5	271,8	258,1	246,3
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj.									
4. Public health services	2,2	2,4	2,4	2,6	2,5	3,1	2,6	2,5	2,7
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.									
5. Health n.e.c.	8,5	9,8	12,4	10,2	9,4	10,6	10,1	10,4	10,2


¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

¹ COFOG stendur fyrir Classification of the Functions of Government og er staðall fyrir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá: <http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun>.

² COICOP stendur fyrir Classification of Individual Consumption According to Purpose og er staðall til að flokka einkaneysluútgjöld. Sameinuðu þjóðirnar gefa flokkunina út og er hún notuð af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF og Eurostat. Sjá <http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun>.

Mynd 3. Heilbrigðisútgjöld á mann á verðlagi 2010

Figure 3. Health expenditures per capita at 2010 prices



Árið 2010 runnu 78,3 milljarðar króna til þjónustu sjúkrahúsanna en það samsvarar um 246 þúsund krónum á mann. Árið 1998 var ráðstafað 240 þúsundum á mann til þessarar þjónustu á verðlagi 2010 og er raunhækkunin því tæplega 3% á tímabilinu. Til þjónustu við ferlisjúklinga 2010 runnu rúmlega 35 milljarðar króna eða 111 þúsund krónur á mann samanborið við tæplega 97 þúsund 1998 sem er um 15% raunhækkun. Til lækningavara og hjálpartækja vegna ferlisjúklinga var ráðstafað 25,8 milljörðum króna árið 2010 en það samsvarar um 81 þúsund krónum á mann og er raunhækkunin frá 1998 tæplega 24%.

3. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1998–2010

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,5% af landsframleiðslu 2010


Heilbrigðisútgjöld hins opinbera má flokka eftir viðfangsefni í samræmi við COFOG-flokkunina eins og gert er í töflu 2 og 8 í töfluviðauka (bls. 34–35). Meginniðurstaðan er sú að af 115,6 milljarða króna útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála 2010 runnu um 67,3% til þjónustu sjúkrahúsanna, þ.e. sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, um 18,5% til þjónustu við ferlisjúklinga og um 10,8% til kaupa á lækningavörum og hjálpartækjum handa ferlisjúklingum. Það sem eftir stendur eða um 3,3% runnu til stjórnunar og annarrar heilbrigðisþjónustu.

Opinber útgjöld til sjúkrahúsanna námu 78 milljörðum króna 2010 eða um 5,0% af landsframleiðslu

Árið 2010 voru útgjöld hins opinbera til sjúkrahúsanna um 78 milljarðar króna eða 5,1% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall haldist tiltölulega stöðugt frá árinu 2007 en varð hæst árin 2002 og 2003, 5,8%. Af útgjöldum til sjúkrahúsanna 2010 var hlutur almennra sjúkrahúsa 72% en útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana 25,6%. Sú þjónusta hefur tekið til sín um 1,4% af landsframleiðslu síðustu árin en lækkaði í tæplega 1,3% árið 2010. Hrein útgjöld hins opinbera vegna þjónustu sjúkrahúsanna námu 244 þúsund krónum á mann árið 2010 sem er heldur lægri fjárhæð en undanfarin fimm ár en frá árinu 1998 hafa þau hinsvegar hækkað um 2,6% á sama verðlagi. Mest er hækkunin á mann vegna sérhæfðra sjúkrahúsa, um 70% á tímabilinu en á almennum sjúkrahúsum lækkaði þetta hlutfall um 4% á sama tíma.

Mynd 4. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 2010

Figure 4. Public health expenditure 2010



Tafla 2. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1999–2010

Table 2. Public expenditure on health care 1998–2010

Hlutfall af VLF Percent of GDP	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Opinber heilbrigðisútgjöld alls² Total public health expenditure²	7,16	7,70	8,31	8,04	7,48	7,50	7,53	7,91	7,51
1. Lækningavörur og hjálpartæki 1. Medical prod., applicances and equip.	0,78	0,81	0,81	0,85	0,72	0,70	0,78	0,91	0,81
2. Þjónusta við ferlisjúklinga 2. Outpatient services	1,15	1,35	1,41	1,50	1,41	1,39	1,43	1,48	1,39
2.1 Almenn heilsugæsla 2.1 General medical services	0,52	0,65	0,71	0,75	0,73	0,73	0,73	0,73	0,67
2.2 Sérfræðilæknar 2.2 Specialized medical services	0,32	0,35	0,37	0,35	0,32	0,32	0,35	0,40	0,38
2.3 Tannlæknar 2.3 Dental services	0,13	0,14	0,12	0,13	0,11	0,10	0,09	0,09	0,08
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl. 2.4 Paramedical services	0,17	0,21	0,21	0,27	0,26	0,25	0,25	0,25	0,26
3. Sjúkrahúsaþjónusta 3. Hospital services	5,02	5,30	5,79	5,43	5,13	5,16	5,09	5,27	5,05
3.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta 3.1 General hospital services	3,86	3,99	4,22	3,95	3,67	3,70	3,67	3,78	3,64
3.2 Sérhæfð sjúkrahúsaþjónusta 3.2 Specialized hospital services	0,07	0,10	0,07	0,09	0,08	0,08	0,10	0,13	0,12
3.4 Hjúkrunarstofnanir 3.3 Nursing and convalescent home serv.	1,09	1,21	1,50	1,40	1,38	1,39	1,32	1,36	1,29
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj. 4. Public health services	0,05	0,05	0,05	0,05	0,05	0,06	0,05	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál, ót.a.s. 5. Health n.e.c.	0,17	0,19	0,25	0,20	0,17	0,19	0,18	0,20	0,20

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.


² Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá. The households purchase of public health care is excluded.

Útgjöld hins opinbera vegna heilbrigðisþjónustu við ferlisjúklinga námu 21,4 milljörðum króna 2010 eða 1,39% af landsframleiðslu. Þar af voru útgjöld vegna almennrar heilsugæslu 10,3 milljarðar króna, vegna kaupa á sérfræðiþjónustu 5,9 milljarður og vegna tannlækninga um 1,3 milljarðar króna. Afgangurinn, um 3,9 milljarðar króna, rann til annarrar ferliþjónustu eins og sjúkra- og iðjubjálfunar.

Hluti almennrar heilsugæslu og þáttur sjúkra- og iðjubjálfunar í þjónustu við ferlisjúklinga hefur vaxið verulega á undanförunum árum. Á árinu 2010 var kostnaður vegna þessara þjónustuliða 32,3 þúsund krónur á mann en um 24,9 þúsund krónur á mann á sama verðlagi ársið 1998. Raunhækkunin nemur 30% á þessum tólf árum og sem hlutfall af landsframleiðslu úr 0,52% í 0,67%. Útgjöld hins opinbera til sérfræði- og tannlækna hefur á sama tíma aukist um 5,7% eða úr 21,4 þúsundum króna á mann 1998 í 22,6 þúsund á mann 2010 á sama verðlagi. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld hins opinbera til þessarar þjónustu vaxið um 3,7%.¹ Heildarútgjöld til þjónustu við ferlisjúklinga námu 67,4 þúsund krónum á mann árið 2010 en fjárhæðin nam 54,4 þúsundum króna á mann 1998 á verðlagi 2010 (sjá einnig mynd 5).

Mynd 5. Ferliþjónusta á mann á verðlagi 2010

Figure 5. Out-patient care per capita at 2010 prices



Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa nam um 12,5 milljörðum króna 2010 en það samsvarar um 10,8% útgjalda hins opinbera til heilbrigðismála og 0,81% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera til lyfja- og hjálpartækja á mann námu 39,4 þúsundum króna árið 2010 en það er 5,8% hærri fjárhæð en 1998.

Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera er samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu en þau nema um 96,6% útgjaldanna og afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af brúttó samneysluútgjöldum 2010 nam launakostnaður 59,9 milljörðum króna eða 50,6% útgjaldanna og kaup á vöru og þjónustu 54,4 milljörðum króna eða 49,4% (sjá töflu 10 í töfluviðauka, bls. 38–40).

¹ Í viðauka 2 er ítarlegri umfjöllun um ýmsar hagstærðir sem snúa að kaupum hins opinbera á þjónustu sérfræðinga og tannlækna.

4. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1998–2010

Heilbrigðisútgjöld heimilanna námu 27,9 milljörðum króna 2010 eða 1,8% af landsframleiðslu

Heilbrigðisútgjöld einkaaðila má flokka eftir viðfangsefni eins og gert er í töflu 3 og töflu 9 í töfluviðauka (bls. 36–37). Við þá greiningu er stuðst við COICOP-flokkunina sem er alþjóðlegt flokkunarkerfi einkaneysluútgjalda. Meginniðurstaðan er sú að af þeim 27,9 milljörðum króna sem einkaaðilar ráðstöfuðu til heilbrigðisþjónustu árið 2010 runnu um 13,9 milljarðar króna til ferliþjónustu eða 49,7% útgjaldanna. Um 13,3 milljarðar króna fóru í lækningavörur og hjálpartæki eða 47,6%. Afgangurinn um 2,7%, fór í þjónustu sjúkrastofnana og annarrar heilbrigðisþjónustu (sjá einnig mynd 6).

Tafla 3. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1999–2010

Table 3. Private health expenditure 1998–2010

Hlutfall af VLF Percent of GDP	1998	2000	2002	2004	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Heilbrigðisútgjöld einkaaðila alls									
Total private health expenditure	1,74	1,80	1,84	1,86	1,65	1,59	1,59	1,74	1,81
1. Lækningavörur og hjálpartæki									
1. Medical prod., applicances and equip.	0,73	0,82	0,87	0,86	0,75	0,72	0,73	0,81	0,86
1.1 Lyf									
1.1 Pharmaceutical products	0,49	0,58	0,63	0,61	0,49	0,47	0,48	0,54	0,58
1.2 Aðrar lækningavörur og tæki									
1.2 Other medical products	0,24	0,24	0,24	0,25	0,26	0,25	0,25	0,27	0,29
2. Þjónusta við ferlisjúklinga									
2. Outpatient services	0,96	0,93	0,92	0,94	0,85	0,82	0,81	0,88	0,90
2.1 Heilsugæsla og sérfræðingar									
2.1 General and special med. serv.	0,32	0,31	0,29	0,31	0,27	0,26	0,25	0,27	0,27
2.3 Tannlæknar									
2.3 Dental services	0,51	0,49	0,50	0,49	0,45	0,45	0,44	0,47	0,49
2.4 Sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl.									
2.4 Paramedical services	0,13	0,13	0,13	0,14	0,12	0,12	0,12	0,14	0,14
3. Sjúkrahúsaþjónusta									
3. Hospital services	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.									
5. Health n.e.c.	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01


¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.

Útgjöld einkaaðila vegna þjónustu við ferlisjúklinga hafa sem næst staðið í stað frá árinu 1998 og verið um 42–43 þúsund krónur á mann á ári miðað við verðlag 2010. Af þeirri fjárhæð fóru á árinu 2010 um 13,1 þúsund krónur í heilsugæslu- og sérfræðiþjónustu og 23,5 þúsund krónur í tannlæknaþjónustu og um 7 þúsund krónur fóru í aðra ferliþjónustu eins og sjúkra- og iðjuþjálfun.

Útgjöld einkaaðila vegna lækningavara hafa aukist nokkuð í magni á umræddu tímabili en árið 1998 námu þau 28,3 þúsund krónum á mann á verðlagi 2010 en 41,8 þúsund krónum árið 2010. Magnaukningin er því um 47,6% frá 1998. Af útgjöldum einkaaðila 2010 runnu tæplega 28 þúsund krónur á mann til lyfjakaupa og tæplega 14 þúsund krónur á mann til annarra lækningavara og tækja.

Mynd 6. Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 2010

Figure 6. Private health expenditure 2010



5. Hlutur launa í heilbrigðiskerfinu

Laun námu 59,9 milljörðum króna af heilbrigðisútgjöldum hins opinbera árið 2009 eða um 50,6% af heild, sem er lægsta hlutfall á tímabilinu 1998–2009. Hæst var það árið 1998 eða 58,1% en var um 53–56% til ársins 2008, þegar það lækkaði í 53,9% og í 50,6% árið 2009.

Tafla 4. Þróun launakostnaðar í heilbrigðiskerfinu 1998–2009

Table 4. Development of compensation of employees 1998–2009

Millj. kr. Million ISK	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009
Laun í samneyslu of employees (GG consumption)	24.497	28.584	36.187	40.862	49.483	60.233	59.903
Opinber heilbrigðisútgjöld, nettó GG total health expenses	42.129	52.645	67.879	74.637	87.431	111.688	118.328
Hlutur launa af opinb. heilbrigðisútgj. Comp. of empl., % of GG health exp.	58,1%	54,3%	53,3%	54,7%	56,6%	53,9%	50,6%

Árið 2009 var fjöldi heilbrigðisstarfsmanna í landinu um 8.700 en fjölmennustu stéttirnar eru lækningar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Nokkur fjölgun hefur orðið í heilbrigðisstéttunum frá 1998. Hjúkrunarfræðingum fjölgaði úr 2.205 árið 1998 í 2.686 árið 2009, læknum úr 909 í 1.190 og sjúkraliðum úr 1.496 í 2.185. Hér er um fjölda heilbrigðisstarfsmanna að ræða óháð vinnuframlagi, þ.e. því hvort viðkomandi var í fullu starfi eða hlutastarfi.

Tafla 5. Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna 1998–2009


Table 5. Number of health-employees 1998–2009

	1998	2000	2002	2004	2006	2008	2009
Heilbrigðisstarfsmenn alls							
<i>Health-employees, total</i>	6.525	6.723	7.013	7.357	7.725	8.557	8.710
Hjúkrunarfræðingar							
<i>Nurses</i>	2.205	2.237	2.342	2.525	2.567	2.729	2.686
Læknar							
<i>Doctors</i>	909	968	1.029	1.056	1.120	1.188	1.190
Sjúkraliðar							
<i>Practical nurses</i>	1.496	1.491	1.474	1.474	1.600	1.997	2.185
Aðrir heilbrigðisstarfsmenn							
<i>Other health-care personnel</i>	1.915	2.027	2.168	2.302	2.438	2.643	2.649

Árið 2009 námu heildarlaun hjúkrunarfræðinga 34% af heildarlaunum í heilbrigðisþjónustunni en hlutur lækna var eilítið hærri eða 34,6%. Þá var hlutur sjúkraliða 12,7% og hlutur annarra heilbrigðisstarfsmanna¹ 18,7% eins og sjá má á mynd 7.

Mynd 7. Skipting heildarlauna heilbrigðisstarfsfólks 2010

Figure 7. Breakdown of total wages of health-personnel 2010



Sé horft til fyrri ára sést að heildarlaun hópanna fjögurra hafa aukist fram til ársins 2008 en þá standa þau í stað og lækka eftir það.

6. Breyting og samruni sjúkrahúsa 1998-2010


Verulegar breytingar hafa orðið á umhverfi almennrar sjúkrahúsaþjónustu hér á landi undanfarinn rúman áratug. Árið 1998 voru 23 stofnanir flokkaðar til almennrar sjúkrahúsaþjónustu. Tvær þeirra eru áberandi stærstar miðað við útgjöld árið 1998, Ríkisspítalar með 42,5% hlutdeild í heildarútgjöldum almennrar sjúkrahúsaþjónustu og Sjúkrahús Reykjavíkur með 28,2% hlutdeild. Þessar stofnanir voru sameinaðar árið 2000 í Sjúkrahús í Reykjavík með 72,4% útgjaldanna. Árið 2001

¹ Undir annað heilbrigðisstarfsfólk flokkast aðstoðarlyfjafræðingar, félagsráðgjafar í heilbrigðisstofnunum, geislafræðingar, heilbrigðisfulltrúar, iðjuþjálfar, lífeindafræðingar, ljósmæður, lyfjafræðingar, lyfjatæknar, lyfsalar, sjúkrapjálfarar og tannlæknar

var nafninu breytt í Landspítali-háskólasjúkrahús og aftur árið 2008 í Landspítali. Þessi stofnun er langstærst í almennri sjúkrahúsaþjónustu hér á landi og eru útgjöld hennar um og yfir 70% af heilinni á tímabilinu sem hér er fjallað um.

Mynd 8. Skipting útgjalda almennu sjúkrahúsanna árið 1998

Figure 8. General hospitals' breakdown of expenses in 1998




Á árinu 2000 tók Heilbrigðisstofnun Austurlands til starfa með sameiningu heilbrigðisstofnana á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Neskaupsstað og heilsugæslustöðvanna á Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og á Djúpavogi. Sama ár hækkuðu fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar til að standa undir auknum kostnaði við nýtt og stærra húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Þingeyri. Frá áramótunum 1999/2000 urðu sjúkraflutningamenn við heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni starfsmenn heilsugæslustöðva en fram að því voru þeir starfsmenn deilda innan Rauða kross Íslands. Á svipuðum tíma voru Heilsugæslustöð Norður-Þingeyjarsýslu og Heilbrigðisstofnunin Húsavík sameinuð undir heitinu Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Sundabúð II, Vopnafirði var sameinuð Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Árið 2004 hafði stofnununum fækkað í 19, ein var áberandi stærst og 18 minni. Landspítali-háskólasjúkrahús bar stærsta hluta útgjaldanna og FSA kom næst á eftir með innan við 10% þeirra. Hinar 17 stofnanirnar voru hver um sig með um og innan við 1% útgjaldanna með fáum undantekningum. Árið 2004 var Heilbrigðisstofnunin Selfossi svo og allar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi sameinaðar í eina stofnun undir heitinu Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Um áramótin 2005/6 voru St. Jósefsspítali Hafnarfirði og Hjúkrunarheimilið Sólvangur sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda. Í samningnum sem voru gerðir var gert ráð fyrir því að hlutverk spítalans og starfsemi yrði skilgreind nánar með tilliti til uppbyggingar á heildrænni öldrunarþjónustu í Hafnarfirði.

Árið 2009 hafði stofnununum fækkað enn og voru orðnar 17. Þá skiptust útgjöld almennu sjúkrahúsanna eins og sýnt er á mynd 9.

Mynd 9. Skipting útgjalda almennu sjúkrahúsanna árið 2009

Figure 9. General hospitals' breakdown of expenses in 2009



Í fjárlögum 2010 voru heilsugæslustöðvarnar í Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði og Búðardal og St. Franciskuspítali, Stykkishólmi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Þá voru Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi og Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki var breytt í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki.


Í fjárlagafrumvarpi ársins 2009 var gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvarnar í Ólafsfirði og Dalvík og Heilbrigðisstofnunin Siglufirði yrðu færðar í eina stofnun undir heitinu Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð. Árið eftir var horfið frá því að sameina Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar og heilsugæslustöðvarnar í Ólafsfirði og á Dalvík eins og til stóð. Þess í stað var ákveðið að sameina Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar og Heilsugæslustöð Ólafsfjarðar í byrjun árs 2010 í Heilbrigðisstofnunina Fjallabyggð en Heilsugæslustöðin Dalvík var rekin áfram með óbreyttu sniði.

7. Notkun og söluverðmæti lyfja 2007–2010

Á árinu 2010 var smásöluverðmæti lyfja rúmir 25 milljörðar króna. Það skiptist á milli almannatrygginga (38,4%), heilbrigðisstofnana (26,2%) og einkaaðila (35,4%) eins og sjá má á mynd 10. Þá er átt við lyfseðilsskyld lyf og einnig þau sem seld eru án lyfseðils.

Mynd 10. Skipting lyfjamarkaðarins 2010

Figure 10. The pharmaceuticals market in 2010




Á mynd 11 má annarsvegar sjá neyslu þriggja algengra lyfja, meltingarfæralyfja, hjarta- og æðalyfja og tauga- og geðlyfja, söluverðmæti sömu lyfja er sýnt á hægri ás myndarinnar.

Sala lyfja mæld í s.k. DDD-skömmtum sýnir að neysla meltingarfæralyfja eykst jafnt og þétt til ársins 2009 en þá dregur úr henni. Á árinu 2010 var neyslan þó 15,3% meiri en árið 2007. Söluverðmæti þessara lyfja jókst milli árána 2007 og 2008 en þá fór að draga úr því. Þó var það 9,9% hærra árið 2010 en árið 2009. Neysla hjarta- og æðalyfja jókst á milli árána 2007 og 2008 þegar sala dróst saman og árið 2010 var neyslan 3,7% minni en árið 2007. Seldum DDD-skömmtum fækkaði einnig um 10,8% frá upphafi tímabilsins. Aukning í neyslu tauga- og geðlyfja á þessum tíma var nokkuð stöðug, jókst um 8,5% frá upphafi til loka tímabilsins. Söluverðmæti þessa lyfjaflokks jókst hinsvegar um 36,5% á sama tíma.

Mynd 11. Skipting söluverðmætis lyfja 2007–2010

Figure 11. Pharmaceuticals sales and consumption in 2007–2010



Skýringar Notes: (A) Meltingarfæra- og efnaskiptalyf. Alimentary tract and metabolism; (C) Hjarta- og æðasjúkdómalyf. Cardiovascular system; (N) Tauga- og geðlyf. Central nervous system.

8. Uppgjör heilbrigðisútgjalda samkvæmt SHA-staðli 2003–2009

SHA (System of Health Accounts) er flokkunarkerfi fyrir heilbrigðisútgjöld sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur þróað í samstarfi við Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Kerfið var kynnt í Hagtíðindahefti um heilbrigðisútgjöld á Íslandi sem kom út þann 2. apríl 2008. Hér á eftir eru meginniðurstöður heilbrigðisútgjalda flokkaðar samkvæmt staðlinum en þær víkja nokkuð frá niðurstöðum eftir COFOG-flokkun. Við undirbúning og vinnslu SHA-flokkunarinnar hefur þess verið gætt að samræmi ríki milli heildarniðurstöðu flokkunarkerfanna þannig að ekki sé munur á heildarútgjöldum þótt hluti einstakra útgjaldaflokka geti verið mismunandi. Árið 2009 reyndust heildarútgjöld til heilbrigðismála vera um 144,3 milljarðar króna eða tæplega 9,7% af landsframleiðslunni.


8.1 Fjármögnun heilbrigðisútgjalda

Upplýsingar um fjármögnunaraðila heilbrigðisútgjalda 2003–2009 koma fram í töflu 15 í töfluviðauka (bls. 43). Hið opinbera (ríki, sveitarfélög og almannatryggingar) fjármagnar 82% útgjaldanna 2009 og einkaaðilar 18%. Stærsti hluti útgjaldanna er hjá ríkissjóði og almannatryggingum en útgjöld sveitarfélaga til heilbrigðismála eru einungis um 0,6% af heildarútgjöldum. Heilbrigðisútgjöld almannatrygginga falla að langstærstum hluta undir sjúkratryggingar sem eru fjármagnaðar af ríkissjóði með fjárframlögum (e. *grants*). Í SHA-uppgjörinu er hinsvegar litið svo á að almannatryggingar fjármagni greiðslurnar sem endanlegur greiðandi til þriðja aðila. Niðurstaðan er sú að ríkissjóður fjármagnar 52,2% heilbrigðisútgjalda 2009, almannatryggingar 29,3% og að samanlögð fjármögnun opinberra aðila er 82% af heildinni.

Heildarfjárfesting í heilbrigðismálum nam 1,7% af heildarútgjöldum til málaflokksins árið 2009 eða um 2,5 milljörðum króna. Þar af var fjárfesting hins opinbera 1.611 milljónir króna eða 1,4% af fjármögnun hins opinbera og fjárfesting einkaaðila 918 milljónir króna.

Mynd 12. Fjármögnunaraðilar heilbrigðisútgjalda, innbyrðis skipting

Figure 12. Health expenditure financing breakdown, %



8.2 Tegundir heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt SHA-staðlinum skiptist heilbrigðisþjónusta í sjö meginflokka eftir tegund (sjá einnig töflu 16 í töfluviðauka, bls. 44-46). Þessir flokkar eru:

1. Þjónusta í lækningaskyni (e. *Services of curative care*)
2. Endurhæfing (e. *Services of rehabilitative care*)
3. Langtímahjúkrun (e. *Services of long-term nursing care*)
4. Stoðþjónusta (e. *Ancillary services to health care*)
5. Lækninga- og hjúkrunarvörur og hjálpartæki til ferlisjúklinga (e. *Medical goods dispensed to out-patients*)
6. Forvarnir og þjónusta á sviði lýðheilsu (e. *Prevention and public health services*)
7. Stjórnslá á sviði heilbrigðis- og tryggingamála (e. *Health administration and health insurance*)

Umfangsmesti flokkurinn er þjónusta í lækningaskyni en um 52,6% heilbrigðis-útgjaldanna runnu til þeirrar þjónustu 2009 eða 75,9 milljarðar króna. Af þjónustu í lækningaskyni er hlutur innlagðra 46,1% af heildinni eða 35 milljarðar króna og ferlisjúklinga 42,7% eða 32,5 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á þjónustu á dagdeildum í lækningaskyni (9%) og heimaþjónustu (2,2%).

Næst stærsti flokkur heilbrigðisútgjalda er langtímahjúkrun. Til hennar runnu 25,9 milljarðar króna árið 2009 eða 18% útgjaldanna en hún fer fram inni á sjúkrahúsum og á hjúkrunarheimilum. Þriðji stærsti flokkurinn að umfangi er lækninga- og hjúkrunarvörur fyrir ferlisjúklinga en 17,9% útgjaldanna runnu til hans eða 25,8 milljarðar króna.

Útgjöld vegna endurhæfingar námu um 8,5 milljörðum króna 2009 eða 5,9% útgjaldanna. Þar af er hlutur endurhæfingar innlagðra 2,4% og endurhæfingar í ferliþjónustu 3,1% en 0,3% er vegna endurhæfingar á dagdeildum. Athuganir Landspítalans og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á þessum þáttum hafa komið að góðu gagni við úrvinnsluna og hefur sú vinna farið fram í samstarfi við Hagstofuna.

Hluti stoðþjónustu í útgjöldum árið 2009 var 2,3% eða 3,3 milljarðar króna og til stjórnslá 1,9% af heildinni eða tæplega 2,8 milljarðar króna. Útgjöld til forvarna námu 1,5% af heildinni, þau voru um 2,1 milljarður króna.

8.3 Heilbrigðisþjónusta flokkuð eftir umgjörð hennar

Samkvæmt SHA-staðlinum má einnig flokka heilbrigðisþjónustu (heilbrigðisútgjöld) eftir umgjörðinni, þ.e. hvort hún sé vegna innlagna, ferliþjónustu, heimaþjónustu eða af öðrum toga eins og sjá má af eftirfarandi sundurliðun (sjá einnig töflu 17 í töfluviðauka, bls. 47-49):

1. Þjónusta við innlagða (e. *in-patient care*)
2. Dagdeildarþjónusta (e. *services of day-care*)
3. Þjónusta við ferlisjúklinga (e. *out-patient care*)
4. Heimaþjónusta (e. *home care*)
5. Stoðþjónusta (e. *ancillary services to health care*)
6. Lækninga- og hjúkrunarvörur fyrir ferlisjúklinga (e. *medical goods*)
7. Forvarnir (e. *prevention*)

8. Stjórnsýsla í heilbrigðismálum (e. *health administration*)

Tæplega helmingur heilbrigðisútgjalda eða 44,4% er vegna þjónustu við innlagða, þar af eru 54,7% vegna innlagðra í lækningaskyni, 39,9% vegna langtímahjúkrunar og 5,5% vegna endurhæfingar.

Samanlögð heilbrigðisútgjöld við ferliþjónustu í lækningaskyni og vegna endurhæfingar nema 22,5% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Útgjöld vegna ferli-sjúklinga til lækninga- og hjúkrunarvара annarsvegar og hjálpartækja hinsvegar eru um 17,9% af heildarútgjöldunum, þar vega lyfseðilskyld lyf 50,8%.

Heilbrigðisútgjöld vegna þjónustu á dagdeildum nema 5,3% af heildarútgjöldunum. Hluttur heimahjúkrunar er hinsvegar aðeins 1,1% af heilbrigðisútgjöldum alls. Líklega er hér um vanmat að ræða vegna vanda við aðgreiningu á heimahjúkrun og annarri starfsemi heilsugæslunnar.

8.4 Heilbrigðisútgjöld flokkuð eftir veitendum þjónustunnar

Ein flokkun heilbrigðisútgjalda samkvæmt SHA-staðlinum fer eftir því hver veitir þjónustuna og er eftirfarandi (sjá einnig töflu 18 í töfluviðauka, bls. 50–51):

1. Sjúkrahús (e. *hospitals*)
2. Hjúkrunarheimili (e. *nursing and residential care facilities*)
3. Veitendur ferliþjónustu (e. *providers of ambulatory health care*)
4. Smásalar og aðrir sem útvega lækninga- og hjúkrunarvörur (e. *retail sal eand other providers of medical goods*)
5. Lýðheilsu- og forvarnarverkefni (e. *provision and administration of public health programmes*)
6. Stjórnsýsla heilbrigðis- og tryggingamála (e. *health adm. and insurance*)
7. Aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu (e. *all other industries*)
8. Aðrir (e. *rest of the world*)

Sjúkrahúsinn eru langstærsti veitandi heilbrigðisþjónustu en árið 2009 runnu til þeirra 39,6% af heildarútgjöldunum, að stærstum hluta til almennra sjúkrahúsa. Geðsjúkrahús og sjúkrahús fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur eru ekki aðgreind sérstaklega.

Hjúkrunar- og dvalarstofnanir báru 10,9% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála árið 2009. Rétt er að benda á að öldrunarþjónusta sem veitt er á öldrunar- eða hjúkrunarheimilum er ekki talin með heilbrigðismálum, heldur velferðarmálum samkvæmt skilgreiningu COFOG-flokkunarkerfisins. Einnig ber að nefna að sjúkrahús á landsbyggðinni sinna í ríkum mæli hjúkrun við aldraða ásamt hjúkrunarheimilunum.

Veitendur ferliþjónustu eru fyrst og fremst heimilis-, sérfræði- og tannlæknar en til þeirrar þjónustu fóru 27,2% af heilbrigðisútgjöldum ársins 2009, þar af 64,3% til heimilis- og sérfræðilækna, um 21,5% til tannlækna og 14,2% til annarra þjónustuaðila í ferliþjónustu. Útgjöld til ferliþjónustu á læknaustofum voru um 15,7% af heilbrigðisútgjöldum ársins 2009, hjá tannlæknum 5,9% og hjá öðrum veitendum þessarar þjónustu um 4%. Hluttur smásala og annarra sem útvega lækninga- og hjúkrunarvörur nam um 17,9% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála, stærsti hlutinn rennur til lyfsölu.


9. Erlendur samanburður

Heildarútgjöld til heilbrigðismála í ríkjum OECD voru að meðaltali 9% af vergri landsframleiðslu ríkjanna árið 2010 en mikill munur er á milli einstakra ríkja. Í Bandaríkjunum var hlutfallið til dæmis 16% árið 2008 en 5,9% í Mexíkó. Hér á landi voru heildarútgjöld til heilbrigðismála 9,1% af vergri landsframleiðslu árið 2008, 9,7% árið 2009 og 9,3% árið 2010. Svíar vorðu 9,4% af vergri landsframleiðslu sinni til heilbrigðismála árið 2008, Norðmenn 8,5%, Frakkar 11,2% og Svisslendingar 10,7%. Á þennan mælikvarða var Ísland í 14.–15. sæti OECD-ríkjanna (sjá töflu 19 í töfluviðauka, bls. 52). Nýjustu samanburðartölur frá Danmörku eru frá 2007 en það ár vorðu Danir 9,7% landsframleiðslu sinnar til heilbrigðismála.

Hér á landi er meginhluti útgjalda til heilbrigðismála fjármagnaður af hinu opinbera eða 82,6% árið 2008, en það samsvarar 7,5% af vergri landsframleiðslu. Á hinum Norðurlöndunum var hlutur hins opinbera svipaður og hér á landi eða 81–85%, að Finnlandi undanskildu þar sem hlutur hins opinbera í heilbrigðisútgjöldum var 74,2%. Hlutfallið var hæst í Noregi, 84,2%, en lægst í Bandaríkjunum, 46,5%.

Mynd 13. Heilbrigðisútgjöld OECD-ríkja sem hlutfall af VLF 2008

Figure 13. Health expenditure in OECD countries as percent of GDP in 2008



Viðauki 1: Meginheimildir við skýrslugerð um heilbrigðisútgjöld

Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs

Opinber heilbrigðisútgjöld eru að mestu fjármögnuð af ríkissjóði eða yfir 99% útgjaldanna. Í tekju- og útgjaldauppgjöri hins opinbera er hinsvegar litið svo á, þar sem almannatryggingar (á sviði sjúkratrygginga) er endanlegur greiðandi til þriðja aðila, að þær séu fjármögnunaraðili þeirra greiðslna, enda þótt ríkissjóður fjármagni almannatryggingar með fjárframlögum (e. *grants*). Þegar endanleg útgjöld til heilbrigðismála eru skoðuð er niðurstaðan sú að ríkissjóður fjármagnar um tvo þriðju hluta opinberra útgjalda og almannatryggingar einn þriðja.

Til nánari skýringa er í þessum viðauka farið yfir þá útgjaldaliði ríkissjóðs sem falla undir heilbrigðismál. Að hluta mynda þeir liðir þann gagnagrunn sem flokkunarkerfi heilbrigðismála byggir á, auk upplýsinga frá almannatryggingum.

Í töflu V.1 hér að neðan eru heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs 2009 flokkuð eftir meginviðfangsefnum COFOG-flokkunarkerfisins. Fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna og sömuleiðis hlutur hvers viðfangsefnis af heildinni.

Tafla V.1 Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs 2009¹

Table V.1 The general governments' expenditure on health 2009

COFOG-flokkun <i>COFOG classification</i>	Þúsundir króna <i>Thousand ISK</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
07 Heilbrigðisútgjöld ríkissjóðs alls		
07 Total GG expenditure on health	116.927.995	100,00
0711 Lyf		
0711 Pharmaceutical products	15.593.716	11,72
0713 Hjálpartæki		
0713 Therapeutic appliances and equipment	2.873.218	2,12
0721 Almenn heilsugæsla		
0721 General medical services	10.902.387	9,57
0722 Sérfræðilæknar		
0722 Specialized medical services	6.036.582	4,45
0723 Tannlæknar		
0723 Dental services	1.370.273	1,01
0724 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun og fleira		
0724 Paramedical services	3.645.466	2,84
0731 Almenn sjúkrahúsaþjónusta		
0731 General hospital services	50.845.264	47,21
0732 Sérhæfð sjúkrahúsaþjónusta		
0732 Specialized hospital services	1.912.354	1,42
0734 Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir		
0734 Nursing and convalescent home services	20.172.230	16,74
0740 Almenn heilbrigðisþjónusta		
0740 Public health services	663.564	0,56
0750 Rannsóknir og þróun í heilbrigðismálum		
0750 R&D Health	67.600	0,05
0760 Heilbrigðismál, ótilgreind annars staðar		
0760 Health n.e.c.	2.845.340	2,31

¹ Samkvæmt ríkisreikningi. CG budget.

Í töflu V.2 koma fram frekari upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs til lyfja, hjálpartækja og almennrar heilsugæslu en þar sést að lyfjakostnaður ríkissjóðs er allur fólgin í framlögum til sjúkratrygginga. Það sama á við um útgjöld hans vegna hjálpartækja en til viðbótar kemur þó niðurgreiðsla ríkissjóðs á heyrnar- og talmeinataækjum. Undir almenna heilsugæslu falla öll útgjöld ríkissjóðs vegna heilsugæslustöðva í landinu og sömuleiðis allur kostnaður vegna heilsugæsluþjónustu innan heilbrigðisstofnana en þær eru 13 alls. Til viðbótar koma útgjöld vegna samninga við Akureyrarbæ og Hornafjörð um heilsugæslu og sömuleiðis vegna heilsugæsluþjónustu Sankti Franciskuspítala í Stykkishólmi. Að lokum telst hér með sérstakur útgjaldaliður vegna hjúkrunar í heimahúsum. Undir meginviðfangsefnum í töflunni er sýnd hlutdeild í heildarútgjöldum ríkissjóðs til heilbrigðismála en í undirliðum hvers meginviðfangsefnis er sýnd hlutdeild þess af heild. Þannig er þáttur heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 38,8% af almennri heilsugæslu og útgjöldin 4.225 milljónir króna af 10.902 milljónum króna heildarútgjöldum til almennrar heilsugæslu árið 2009.

Tafla V.2 Útgjöld til lyfja, hjálpartækja og almennrar heilsugæslu 2009

Table V.2 Pharmaceutical prod., therapeutic appl. and equipm. and general medical services 2009

COFOG-flokkun <i>COFOG classification</i>	Þúsundir króna <i>Thousand ISK</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
0711 Lyf <i>Pharmaceutical products</i>	15.593.716	11,72
Sjúkratryggingar <i>Icelandic Health Insurance</i>	15.593.716	
0713 Hjálpartæki <i>Therapeutic appliances and equipment</i>	2.873.218	2,12
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi (heyrar- og talmeinataeki) <i>Health care, var. oper. (hearing- and speaking-aids)</i>	107.092	3,73
Sjúkratryggingar <i>Icelandic Health Insurance</i>	2.766.127	96,27
0721 Almenn heilsugæsla <i>General medical services</i>	10.902.387	9,57
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu <i>Medical clinics in the capital area</i>	4.225.359	38,76
Heilbrigðisstofnanir (13) <i>Health institutions (13)</i>	3.593.802	32,96
